

ÚTSKRIFT ÚR FUNDAGERÐARBÓK SVEITARSTJÓRNAR HÚNAÞINGS VESTRA

200. FUNDUR.

200. fundur sveitarstjórnar Húnaþings vestra haldinn fimmtudaginn 14. júní árið 2012 í fundarsal Ráðhússins kl. 15:00. Oddviti setti fund.

Mætt undirrituð.

Oddviti óskaði eftir að taka á dagskrá sem 10. lið; Skipulagsmál í landi Melstaðar og var það samþykkt með 7 atkvæðum.

Gengið var til dagskrár.

Fundargerðir byggðarráðs. Formaður kynnti.

1. **Fundargerð 748. fundar** frá 21. maí s.l. Fundargerð í 8 liðum. Lögð fram eftirfarandi tillaga við 9. dagskrárlið: „Sveitarstjórn Húnaþings vestra samþykkir að á árinu 2013 verði hafin vinna við gerð nýs aðalskipulags fyrir sameinað sveitarfélag Húnaþings vestra og Bæjarhrepps. Samþykkt að fela sveitarstjóra að afla upplýsinga um mögulega aðkomu Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga í því verkefni.“ Tillagan ásamt öðrum liðum fundargerðarinnar borin undir atkvæði og samþykkt með 7 atkvæðum.

Fundargerð 749. fundar frá 4. júní s.l. Fundargerð í 10 liðum. Fram lögð eftirfarandi tillaga vegna 1. liðar. „Sveitarstjórn Húnaþings vestra samþykkir að hafna beiðni Odds Sigurðarsonar f.h. UMF Kormáks um fjárstyrk frá sveitarfélaginu v/ kaupa á nýjum keppnisbúningum þar sem stuðningur sveitarfélagsins til ungmenna- og íþróttastarfs fer eftir ákvæðum samkomulags við USVH.“ Tillagan borin undir atkvæði og samþykkt með 7 atkvæðum. Svohljóðandi tillaga var borin upp vegna 10. liðar, „Sveitarstjórn Húnaþings vestra samþykkir að fela sveitarstjóra að óska eftir að settur hreppstjóri verði staðsettur á Borðeyri í hálfan dag þar sem utankjörstaðatkvæðagreiðsla geti farið fram vegna forsetakosninganna þann 30. júní nk.“ Tillagan borin upp og samþykkt með 7 atkvæðum. Aðrir liðir fundargerðarinnar bornir undir atkvæði og samþykktir með 7 atkvæðum.

Fundargerð 750. fundar frá 11. júní s.l. Fundargerð í 7 liðum. Lögð fram eftirfarandi tillaga við 3. dagskrárlið „Sveitarstjórn Húnaþings vestra samþykkir að fela oddvita og sveitarstjóra að fara yfir tillögu Landsbankans um fjárhagslega endurskipulagningu Hæðarinnar á Höfðabraut ehf. með endurskoðanda og lögmanni sveitarfélagsins.“ Tillagan borin undir atkvæði og samþykkt með 6 atkvæðum. Elín R. Líndal vék af fundi við umræðu og afgreiðslu þessa liðar. Svohljóðandi tillaga var lögð fram vegna 5. liðar; „Sveitarstjórn Húnaþings vestra samþykkir áætlaðan kostnað vegna úttektar Náttúrufræðistofnunar Íslands alls kr. 963.150- með vsk.“ Tillagan borin undir atkvæði og samþykkt með 7 atkvæðum. Aðrir liðir fundargerðarinnar bornir undir atkvæði og samþykktir með 7 atkvæðum.

Fundargerðir nefnda.

2. Fundargerð félagsmálaráðs, oddviti kynnti.

Fundargerð 126. fundar félagsmálaráðs frá 30. maí s.l. Fundargerð í 7 liðum.
Fundargerðin borin undir atkvæði og samþykkt með 7 atkvæðum.

3. Fundargerð fræðsluráðs, oddviti kynnti

Fundargerð 133. fundar fræðsluráðs frá 13. júní s.l. Fundargerð í 4 liðum. Fundargerðin borin undir atkvæði og samþykkt með 7 atkvæðum.

4. Fundargerð menningar- og tómstundaráðs, oddviti kynnti.

Fundargerð 106. fundar menningar-og tómstundaráðs frá 21. maí s.l. Fundargerð í 3 liðum. Fundargerðin borin undir atkvæði og samþykkt með 7 atkvæðum.

5. Fundargerð skipulags- og umhverfisráðs, oddviti kynnti.

Fundargerð 210. fundar skipulags- og umhverfisráðs frá 7. júní s.l. Fundargerð í 4 liðum.
Fundargerðin borin undir atkvæði og samþykkt með 7 atkvæðum.

6. Fundargerðir starfshóps um samþykktir og stjórnarsýslu sameinaðs sveitarfélags, oddviti kynnti.

Fundargerð 1. fundar frá 20. febrúar 2012. Fundargerð 2. fundar frá 5. mars 2012. Fundargerð 3. fundar frá 19. mars 2012. Fundargerð 4. fundar frá 2. apríl 2012. Fundargerð 5. fundar frá 23. apríl 2012. Fundargerð 6. fundar frá 21. maí 2012. Fundargerð 7. fundar frá 29. maí 2012. Fundargerð 8. fundar frá 4. júní 2012. Fundargerðirnar bornar undir atkvæði í heild sinni og samþykktar með 7 atkvæðum.

7. Reglugerðir, samþykktir og gjaldskrár, oddviti kynnti.

a) Gjaldskrá.

Gjaldskrá fyrir fráveitugjald í Húnaþingi vestra lögð fram. Gjaldskráin borin undir atkvæði og samþykkt með 7 atkvæðum.

b) Reglur, ein umræða í sveitarstjórn.

Innritunarreglur í Tónlistarskóla Húnaþings vestra lagðar fram. Innritunarreglurnar bornar undir atkvæði og samþykktar með 7 atkvæðum.

Reglur um fjárhagsaðstoð í Húnaþingi vestra lagðar fram. Reglurnar bornar undir atkvæði og samþykktar með 7 atkvæðum.

Reglur um frístundakort lagðar fram. Reglurnar bornar undir atkvæði og samþykktar með 7 atkvæðum.

Reglur um námsmannaafslátt í leikskóla lagðar fram. Reglurnar bornar undir atkvæði og samþykktar með 7 atkvæðum.

Reglur um niðurgreiðslu daggjalda vegna dagvistunar í heimahúsum lagðar fram. Reglurnar bornar undir atkvæði og samþykktar með 7 atkvæðum.

Reglur um styrki til greiðslu fasteignaskatts til félaga og félagasamtaka lagðar fram. Reglurnar bornar undir atkvæði og samþykktar með 7 atkvæðum.

Reglur um umferð í þéttbýli í Húnaþingi vestra lagðar fram. Reglurnar bornar undir atkvæði og samþykktar með 7 atkvæðum.

Reglur um uppsetningu ljósastaura í dreifbýli lagðar fram. Reglurnar bornar undir atkvæði og samþykktar með 7 atkvæðum.

Reglur um úthlutun félagslegra íbúða og íbúða fyrir aldraða í Húnaþingi vestra lagðar fram. Reglurnar bornar undir atkvæði og samþykktar með 7 atkvæðum.

Reglur um úthlutun styrkja vegna aksturs barna í Húnaþingi vestra lagðar fram. Reglurnar bornar undir atkvæði og samþykktar með 5 atkvæðum.

Reglur um félagslega liðveislu lagðar fram. Reglurnar bornar undir atkvæði og samþykktar með 7 atkvæðum.

Reglur um félagslega heimaþjónustu lagðar fram. Reglurnar bornar undir atkvæði og samþykktar með 7 atkvæðum.

c) Samþykktir og reglugerðir til fyrri umræðu í sveitarstjórn.

Hafnarreglugerð. Lögð var fram eftirfarandi tillaga: „Sveitarstjórn Húnaþings vestra samþykkir að vísa framlagðri hafnarreglugerð til síðari umræðu í sveitarstjórn.“ Tillagan borin undir atkvæði og samþykkt með 7 atkvæðum.

Reglugerð fyrir Tónlistarskóla Húnaþings vestra. Lögð var fram eftirfarandi tillaga: „Sveitarstjórn Húnaþings vestra samþykkir að vísa framlagðri reglugerð fyrir Tónlistarskóla Húnaþings vestra til síðari umræðu í sveitarstjórn.“ Tillagan borin undir atkvæði og samþykkt með 7 atkvæðum.

Samþykkt um fráveitur í Húnaþingi vestra. Lögð var fram eftirfarandi tillaga: „Sveitarstjórn Húnaþings vestra samþykkir að vísa framlagðri Samþykkt um fráveitur í Húnaþingi vestra til síðari umræðu í sveitarstjórn.“ Tillagan borin undir atkvæði og samþykkt með 7 atkvæðum.

Samþykkt um hunda- og kattahald í Húnaþingi vestra. Lögð var fram eftirfarandi tillaga: „Sveitarstjórn Húnaþings vestra samþykkir að vísa framlagðri Samþykkt um hunda- og kattahald í Húnaþingi vestra til síðari umræðu í sveitarstjórn.“ Tillagan borin undir atkvæði og samþykkt með 7 atkvæðum.

Samþykkt um rotþrær og siturlagnir í Húnaþingi vestra. Lögð var fram eftirfarandi tillaga: „Sveitarstjórn Húnaþings vestra samþykkir að vísa framlagðri Samþykkt um rotþrær og siturlagnir í Húnaþingi vestra til síðari umræðu í sveitarstjórn.“ Tillagan borin undir atkvæði og samþykkt með 7 atkvæðum.

d) Samþykktir til síðari umræðu í sveitarstjórn.

Samþykkt um búfjárhald í Húnaþingi vestra, síðari umræða. Lögð var fram eftirfarandi tillaga: „Sveitarstjórn Húnaþings vestra samþykkir framlagða Samþykkt um búfjárhald í Húnaþingi vestra.“ Tillagan borin undir atkvæði og samþykkt með 7 atkvæðum.

Fjallskilasamþykkt Húnaþings vestra, síðari umræða. Lögð var fram eftirfarandi tillaga: „Sveitarstjórn Húnaþings vestra samþykkir framlagða Fjallskilasamþykkt fyrir Húnaþing vestra.“ Tillagan borin undir atkvæði og samþykkt með 7 atkvæðum.

e) Reglur sem falla eiga úr gildi.

Reglur um smáhýsi á lóðum. Lögð var fram eftirfarandi tillaga: „Sveitarstjórn Húnaþings vestra samþykkir að fella úr gildi reglur um smáhýsi á lóðum.“ Tillagan borin undir atkvæði og samþykkt með 7 atkvæðum.

Reglur um styrki vegna tónlistarnáms. Lögð var fram eftirfarandi tillaga: „Sveitarstjórn Húnaþings vestra samþykkir að fella úr gildi reglur um styrki vegna tónlistarnáms.“ Tillagan borin undir atkvæði og samþykkt með 7 atkvæðum.

8. Kosning samkvæmt 13. gr. Sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011.

Kosning oddvita og varaoddvita. Lögð var fram tillaga um Leó Örn Þorleifsson sem oddvita og Sigurbjörgu Jóhannesdóttur sem varaoddvita. Tillagan samþykkt með 7 atkvæðum.

Kosning samkvæmt 36. gr. Sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011.

Kosning aðal- og varamanna í byggðarráð. Lögð var fram tillaga um Sigurbjörgu Jóhannesdóttur, Stefán Böðvarsson og Elínu R. Líndal sem aðalmenn og Leó Örn Þorleifsson, Þorbjörgu Ingu Ásbjarnardóttur og Ragnar Smára Helgason sem varamenn. Tillagan samþykkt með 7 atkvæðum. Fram lögð tillaga um Sigurbjörgu Jóhannesdóttur sem formann byggðarráðs og Stefán Böðvarsson sem varaformann byggðarráðs. Tillagan borin undir atkvæði og samþykkt með 7 atkvæðum. Áheyrnarfulltrúi S- lista er Elín Jóna Rósinberg og Pétur Arnarsson til vara. Áheyrnarfulltrúi hreppsnefndar fyrrum Bæjarhrepps er Sigurður Kjartansson og Guðmundur Waage til vara.

9. Skýrsla sveitarstjóra.

Oddviti lagði fram eftirfarandi tillögu: „Sveitarstjórn Húnaþings vestra samþykkir að á reglulegum sveitarstjórnarfundum verði munnleg skýrsla sveitarstjóra fastur dagskrárliður.“ Tillagan borin undir atkvæði og samþykkt með 7 atkvæðum.

10. Skipulagsmál í landi Melstaðar.

Aðalskipulagsbreyting og deiliskipulag fyrir verslunar- og þjónustusvæði í landi Melstaðar. Oddviti lagði fram eftirfarandi bókun og tillögu: „Kynning vegna breytinga á aðalskipulagi Húnaþings vestra 2002-2014 í landi Melstaðar í Miðfirði fór fram frá 24. maí 2012 til 4. júní 2012, í samræmi við 30 gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Skipulagssvæðið er um 2 ha. á stærð og aðalskipulagsbreyting þessi tekur til staðsetningar á nýju verslunar- og þjónustusvæði fyrir olíu- og veitingasölu við Þjóðveg nr.1. Engar athugasemdir bárust á kynningartímanum. Sveitarstjórn Húnaþings vestra samþykkir að auglýsa tillöguna en sendir hana áður til Skipulagsstofnunar til athugunar sbr. 3. mgr. 30. gr. skipulagslaga. Sveitarstjórn samþykkir einnig að samhliða aðalskipulagsbreytingunni verði deiliskipulagstillaga fyrir svæðið auglýst.“ Tillagan borin undir atkvæði og samþykkt með 7 atkvæðum samhljóða.

11. Sumarleyfi sveitarstjórnar.

Lögð var fram svohljóðandi tillaga „Sveitarstjórn Húnaþings vestra samþykkir að fella niður reglulega fundi sveitarstjórnar í júlí og ágúst. Næsti fundur verður haldinn þann 6. september

nk. og kemur hann í stað reglulegs fundar í september.“ Tillagan borin undir atkvæði og samþykkt með 7 atkvæðum.

Fundargerð upplesin samþykkt.

Fundi slitið kl: 18:10

Leó Örn Þorleifsson.

Stefán Bøðvarsson.

Sigurbjörg Jóhannesdóttir.

Elín Jóna Rósinberg.

Ragnar Smári Helgason.

Elín R. Líndal.

Þorbjörg I. Ásbjarnardóttir.

Skúli Þórðarson, sveitarstjóri.